

Örnefni í landi Mjóaness.

Landamerki jarðarinnar eru sem hér segir:

Langitangi er nyrsti tangi Mjóaneslands og syðsti tangi Arnarfellslands. Þaðan liggja mörkin í norðaustur að smáhæð með vörðu á, Kambsvarða. Þar mætast mörk þriggja jarða, Arnarfells, Gjábakka og Mjóaness. Frá Kambsvörðu eru mörkin í stóran stein neðst í Skógartöglum, Stóristeinn, þaðan í þúfuhól efst á Rótholsstaðahæð og eru þar mörk 3ja jarða, Gjábakka, Miðfells og Mjóaness. Þaðan liggja mörkin í Skógartorfu norðaustan í fjallsenda Miðfells. Þaðan eftir fjallinu í klett vestan í Dagmálafjalli, sem er næst hæsti hnjúkur fjallsins. Þaðan eftir laut á neðri hluta múlans, Daggarðalur, og þaðan í klett norðvestast í múlanum, Arnarklett. Þaðan í fjöruna norðaustan við Búðavík, og er þá lokið hringnum um landið.

Landið næst fjallinu er sæmilega gróið, jafnlent og verður fyrst flöt norðan við múlann, Gönguskarðsflöt (1), og var oft gengið þar yfir að Miðfelli. Þar austur frá er næst hæsti tindur fjallsins, Dagmálatindur (2). Austan við hann er allstórt skarð, Borgarskarð (3), sem ber nafn af fjárborg sunnar í skarðinu. Norðan við skarðið er allstór flöt, var hún oft slegin áður en ræktun hófst heima í nesinu.

Landið í norður frá fjallinu er sæmilega grösugt en svo þegar dregur frá því ber meir á grámosa. Í norður frá Borgarskarði er fjárhellir (4), tekur hann um hundrað

kindur. Kringum hann er smá túnkragi. Þegar dregur nær vatninu eru klapparhryggir er snúa norður-suður, kallaðir Sker (5). Þar suðvestur af eru hólar með vörðum á. Sá eystri með graslaut er snýr í vestur, Skerjahóll (6), og smá hellir. Hinn hóllinn er allstór og hellir norðaustan í hæðinni heitir Skyggirnir (7). Þar suðvestur frá, nær vatninu, er goshóll með jarðföllum og sæmilega gróinn, Lambastekkur (8). Þar suður frá er flatur klapparhóll með fjárhelli, Helguhellir (9). Austan við Borgarskarð hækkar fjallið og er kemur upp í miðja hlið myndast slakki norðan í fjallinu, Hrútaadalur (10). Samfelldur hryggur gengur niður á jafnsléttu, Hrútaalaháls (11). Innan við þennan háls eru brattar skriður og eru þær malar-gryfjur frá vegagerð ríkisins.

Strandlengjan frá Miðfjallsmörkum er nokkuð vogskorin. Þar kemur fyrst hólmi vel gróinn, Flatihólmi (12). Þar norðan við er tangi sem nefnist Kögurtangi (13) og enn norðar er nes er heitir Digranes (14). Í vestur frá nesinu er all stór hólmi, Vörðuhólmi (15). Norðan við nesið er löng en mjó vík, Stórfiskavík (16), en þar norður af er Bjöllutangi (17). Svo endar strandlengjan á allbreiðri vík, Dansvík (18). Síðan er ströndin niður frá Lambastekknunum slétt allt að Mjóuvík (19) sem er á mörkum fasta landsins við nesið, sem var grafið frá, og sköpuð leið til að fara kringum nesið á bát. Við norður-enda Mjóuvíkur er grafinn skurður og nyrst á honum er brú yfir og vegur sem liggur heim að bænum.

Norðan við veginn er allbreið vík, Vatnsvík (20), og við hana standa sumarhús jarðeiganda. Þaðan er landið

lítið vogskorið að breiðu nesi, Svínanes (21), sunnan undir því er bústaður og afgirtur skógarreitur frá landeiganda. Landinu má skipta allt frá Svínanesi og upp undir þjóðveg. Frá nesinu liggur jarðsigsgjá sem er framhald af Heiðargjá (22), er hefur upptök sín suðvestan við Hrafnabjörg, en lítið ber á sprungum á kafla í Skógartöglum en opnast aftur er kemur fram á Mjóaneshraun og endar í vatninu á Svínanesi. Landið sunnan sprungusveimsins er flatt, lítið gróið og mosavaxið uppfyrir fjárhellir en þar hækkar landið og ber aðeins á beitarkjarri uppað þjóðvegi. En þaðan að Róthólsstaðahæð (23) ber meira á lyngbreiðum sem nær allt að landamörkum við Skógartögl í Gjábakkalandi. Landið norðan gjárinna er lægra og betur gróið. Norðan á Svínanesinu er vík sem heitir Básvík (24) og þar norður af er nokkuð breið vík, Latvík (25), og þar uppaf er gjá sem framan til er full af vatni og er hættuleg fénaði. Við götuna sem er milli Mjóaness og Arnarfells, yfir gjána, eru 3 vörður og kallast það 3 vörðusvæði (26). Þessi sveimur er framhald af Gildruholtsgjá (27) og gengur út í vatnið í Latvík. Þar er stór steinn sem borist hefur á land með ísnum og er kallaður Latur (28). Það skammt norðan við er lítil vík og mörkin milli bæjanna, Langitangi (29).

Landið með vatninu og uppað götunni og Svínanesið er sæmilega gróið, en fyrir ofan götu og að þjóðvegi er landið flatt og mjög mosavaxið.

Frá fjárhellinum og allt upp í Skógartögl liggur gömul gata, Selsgata (30). Skammt fyrir ofan hellirinn

er stakur klettur í hraunbrúninni, Stóristeinn (31), en um kílómeter ofan þjóðveg, sunnan við Selsgötu, er hellir og smá túnkragi, kallað Selshellir (32). Þaðan í stefnu á Róthólsstaðahæð er jarðfall nokkuð djúpt og var kindum varasamt, þar til sprengt var og barmarnir hlaðnir, kallað Kerið (33).

Nú tókum við til með örnefni á Mjóanesinu og förum réttsælis, nesið er 1800 m langt og að jafnaði 700 m breitt, stefnan er norðaustur-suðvestur. Rétt við Mjóuvík er hlaðin fjárrétt (34). Svo tekur heimatúnið við. Í suður frá Mjóuvík er hólmi ca. 30 fm, Byrgis-hólmi (35), var hann notaður til að hengja upp silung og þurrka á gamla vísu. Bærinn (36) er skammt frá vatninu á tanga sem heitir Þróartangi (37). All stutt frá bænum, í vestur á túninu, eru 2 nokkuð djúpar lautir með vatni í og norðan við þær er fjárhús og hlaða. Þegar komið er um 300 m með suðurströnd nessins kemur allbreið vík, Garðsendavík (38). Þar vestar er byrgi og varða en stutt og breið vík, Lambakró (39), og varða fyrir urriðiðamið við austur landið. Utan við er allbreið vík, Breiðavík (40), svo er nesið slétt vestur á enda. Þar vestur af er all langur tangi, sem er ýmist á þurru eða í kafi eftir því hve hátt er í vatninu. Við norðausturhlið nessins er, fyrst í há norður, stuttur tangi, Latvíkurtangi (41), og Latvík syðri (42) þar inn af, svo kemur nyrðri Garðsendavík (43). Svo er fjaran slétt dálítinn spöl, þá kemur stutt en breið vík, Malvík (44), um 100 m norðaustar er tangi sem snýr í norðvestur, Murtukróartangi (45), og aðeins austar er lendingaraðstaða og var hlaðið byrgi, Murtukró (46). Þaðan er

fjaran bein og slétt inn að skurðenda sem lokar af nesinu, en þar er bátaskýli og vík sem er kölluð Vatnsvík. Þar með er hringnum á nesinu lokað. Vestan til á norðaustur nesinu er allstór hóll, Borgin (47), en austan í henni er gamall gígur (48) með vatni í. Sunnan við Murtutanga er smá dalur með helli í sem snýr í vestur, fullur af vatni, Kórdalur (49). Í nesinu öllu eru dalir alls 8 og má rekja jarðsigið allt upp í Eldborg sem er suður af Hrafnabjörgum.

Læt ég svo þessu lokið.

Skráð í júní 1984.

Kristján Jóhannsson

fyrirverandi bóndi í Mjóanesi

Stafrófsröð örnefna

3 vörðusvæði	26	fjárhellir	4
Básvík	24	fjárrétt	34
Bjöllutangi	17	Flatihólmi	12
Borgarskarð	3	Garðsendavík	38
Borgin	47	Gildruholtsgjá	27
Breiðavík	40	gígur	48
Byrgishólmi	35	Gönguskarðsflöt	1
Bærinn [Mjóanes]	36	Heiðargjá	22
Dagmálatindur	2	Helguhellir	9
Dansvík	18	Hrútaðalaháls	11
Digranes	14	Hrútaðalur	10

Kerið	33	nyrðri Garðsendavík	43
Kórdalur	49	Róthólsstaðahæð	23
Kögurtangi	13	Selsgata	30
Lambakró	39	Selshellir	32
Lambastekkur	8	Sker	5
Langitangi	29	Skerjahóll	6
Latur	28	Skyggnir	7
Latvík	25	Stórfiskavík	16
Latvík syðri	42	Stóristeinn	31
Latvíkurtangi	41	Svínanes	21
Malvík	44	Vatnsvík	20
Mjóavík	19	Vörðuhólmi	15
Murtukró	46	Þróartangi	37
Murtukróartangi	45		

Jóna Kristjánsdóttir veitti góðfúslega ljósrit af þessari skrá, ásamt öðrum örnefnaskrár sem Kristján Jóhannsson ritaði milli 1982-1984. Halldór Pétur Þrastarson hafði þar milligöngu. Gunnar Grímsson, landvörður í Þjóðgarðinum á Þingvöllum, færði í tölvutækt form í nóvember 2024 og útbjó stafrófsröð örnefna. Uppsetning er höfð nákvæmlega eins og frumritið sem og stafsetning örnefna. Einstaka innsláttarvillur eru leiðréttar.